

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útflutningsgjald af heilagfiski, er veiðist utan landhelgi.** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 27. marz þ. á., sbr. brjef hjedan frá 15. jan. s. á., viðvíkjandi fyrirspurn frá »Dansk Damp Trawling Aktieselskab Dan« um rjett hinna íslenzku yfirvalda til að heimta toll af heilagfiski, sem veitt er fyrir utan landhelgi við Ísland, og síðan er skipað úti flutningaskip í landhelgi, án þess að það sje áður flutt í land, hefi jeg í dag skrifað nefndu fjelagi, að jeg verði að álíta, að hið umrædda gjald sje rjettilega heimt, með því að útflutningsgjald ber að greiða eptir 1. gr. laga 4. nóvbr. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., af öllum þeim fiski, sem útfluttur er frá skipum, sem taka stöðvar í landhelgi til bátaveiða, og af því að fiskiveiðar þær, sem um getur í brjefi fjelagsins, eru eptir þeim skýrslum, er ráðaneytið hefir fyrir sjer, reknar með bátum (dorium) frá fiskiskipum, sem í því skyni taka stöðvar í landhelgi, en það er þýðingarlaust atriði, hvort fiskurinn er veiddur í landhelgi eða ekki. Annars er fjelaginu innan handar að leita úrskurðar dómstólanna um umrætt atriði.

Þetta er yður hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um sölu á lóð af Arnarhólstúni.** — Með brjefi, dagsettu 24. ágúst f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um, að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt var af alþingi síðastliðið sumar.

Í lögum þessum er stjórninni veitt heimild til að selja konsúlsfrú Vidalín fyrir 850 kr. í minnsta lagi, og með öðrum tilteknum kjörum, lóð af Arnarhólstúni, sem landsjóður á, og landshöfðingjaembættinu fylgir sem ábyli. Er lóð þessi, hið svo nefnda »batteri«, við sjóinn. Hafið þjer, um leið og þjer senduð lagafrumvarpið hingað, mælt með því, að það yrði lagt til, að það öðlist allra-hæsta staðfesting. Bæði meðan alþingi hafði frumvarpið til meðferðar og eptir að það var samþykkt, kom í ljós megn óánægja meðal borgara Reykjavíkur með hina fyrirhuguðu afhending lóðarinnar, með því að talið var að hún kæmi mjög í bága við hagsmuni bæjarfjelagsins. Því hefir bæjarstjórn Reykjavíkur í erindi því til ráðaneytisins, sem fylgdi með brjefi yðar frá 5. desbr. f. á., látið þá ósk í ljósi, að bærinn fái, án þess undan sje tekin lóð sú, er ræðir um í um-getnu frumvarpi, ráð yfir öllum norðurhluta Arnarhólstúns, þeim er getur um í lagafrumvarpi því, er alþingi samþykkti samtíma og í dag er orðið að lögum. Lætur bæjarstjórnin í ljósi með skírskotun til yfirlýsinga frá íslenzkum ingeni-örum, að hætta sje á því, að afhending beint þessarar lóðarspildu í hendur einstaks manns, muni standa hafnarmálum Reykjavíkur fyrir þrifum, en þau málefni hljóti að liggja bænum mjög á hjarta.

25. dag septembermánaðar 1900.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.